



# Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 10. árgangur, 2. maí 2017

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

**Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!**

## Vorskóli - skólabyrjun í haust

Miðvikudaginn 24. maí nk. kl. 17:00 bjóðum við verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra á stutta kynningu í skólanum. Þar munu nemendur hitta verðandi kennara sína og foreldrar fá kynningu á skólanum hjá stjórnendum. Skóli verður settur að loknu sumarleyfi þann 22. ágúst.

## Kæra skólasamfélag

Þá er þessu skólaári að ljúka aðeins um fimm vikur þar til við förum í sumarfrí. Við vinnum nú að undirbúningur næsta skólaárs, stundartaflan er að verða til og skóladaatalið verður sett á heimasíðuna innan skamms. Skipan kennsluteyma næsta vetrar er enn í mótun en verður formlega kynnt í næsta fréttabréfi sem kemur út eftir miðjan maí. Betty deildarstjóri hefur sagt stöðu sinni lausri og er verið að auglýsa eftir deildarstjóra og kennurum þessa dagana.

Maímánuður inniheldur marga skemmtilega viðburði hjá okkur í skólanum, s.s. skólabúðaferð 4. bekkjar, útskriftarferð 10. bekkjar, frjálsþróttamat miðstignemenda, vorþemadaga og vorhátíðina okkar. Við ætlum einnig að hafa UNICEF dag eins og venjulega, þar sem nemendur skólans safna áheitum til styrktar góðu málefni.

Við hlökkum til þessara skóladaga sem framundan eru og vonum að veðrið leiki við okkur áfram.

Bryndís Björnsdóttir, skólustjóri



## 1. maí hlaupið

Naustaskóli varð í annað sinn sigurvegari í 1. maí hlaupinu. Hér er hluti af hlaupurunum, sem tóku þátt, með bikarinn sem þau unnu fyrir skólann. Núna eigum við tvo bikara sem við stillum stolt upp í anddyri skólans.



## Kannski voru það álfarnir?

### Álfapema í Naustaskóla vekur athygli!

Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hefur verið okkur til leiðsagnar í þróunarverkefni í vetur. Hann sagði frá heimsókn sinni í Naustaskóla í vefriti sínu sem heitir Skólaþræðir. En þar segir hann frá því að hann hafi fallið fyrir því skemmtilega námsumhverfi sem kennarar hafa búið yngstu börnunum. Þar mátti meðal annars sjá Álfakastala sem jafnframt var leskrókur! Kastalinn tengdist álfapema sem verið hafði á dagskrá. Hann óskaði efir upplýsingum um þetta verkefni og fékk jákvæð viðbrögð hjá kennurum 1. bekkjar þeim; Grétu Halldórsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur og Sunnu Alexandersdóttur, sem skrifuðu grein um álfapemað og skipulag þeirra vinnu. Greinin hefur nú verið birt í Skólaþræðum (tímariti Samtaka áhugafólks um skólaþróun) í grein sem ber heitið „Kannski voru það álfarnir?“ **Álfapema í Naustaskóla á Akureyri.**



Greinina má lesa á þessari slóð.: <http://skolathraedir.is/.../kannski-voru-thad-alfarnir-alfat.../>



## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Maí 2017

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1. .  Verkalyásdagur lokað	2. Lasagna og brauð Salatbar Ávextir  Opíð hús 8-10b	3. Fiskur í raspi, kartöflur, hvítlauksdressing og gúrkur Ávextir  4	4. Pizza og salat Ávextir  4. bekkur fer í skólalúðir	5. Hrísgrjónagrautur og slátur Salatbar Ávextir  4. bekkur kemur aftur úr skólalúðaferð	6.
7.	8. Hakkréttur, hrísgrjón og salat Ávextir	9. Soðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og smjörvi Salatbar Ávextir Opíð hús 8-10b	10. Lambasnitsel, kartöflu- bátar, grænar baunir, brún sósa og salat Ávextir	11. Ofnbakaður fiskur í mangósósu, kúskús og gúrkur Ávextir	12. Grænmetisúpa og brauð Salatbar Ávextir	13.
14.	15. Soðinn fiskur, kartöflur, gúrkur og tómatsósa Ávextir	16. Hakkabuff, kartöflumús, rauðkál, lauksósa og salat Ávextir  Opíð hús 8-10b	17. Fiskur Þjörkeby, bygg, gúrkudressing og gulrætur Salatbar Ávex- tir	18. Kjúklingur, hrísgrjón, maisaunir, sveppasósa og salat Ávextir	19. Skrur og brauð Salatbar Ávextir	20.
21.	22. Ofnbakaður fiskur í tómatkarrýsósu, hrísgrjón og gulrætur Ávextir	23. Kjötbullur, sæt kartöflumús, rauðkál, brún sósa. Salatbar Ávextir	24. Steiktur fiskur, kartöflur, hvítlauksdressing og salat Ávextir Vorskóli verðandi í bekkinga	25.   Uppstigningardagur lokað	26. Pepperonipasta Salatbar Ávextir	27.
28.	29. Fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og paprika Ávextir  Unicefdagurinn Vorhátíð Naustaskóla	30. Fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og paprika Ávextir  Vorþemadagur	31. Fiskibollur, kartöflur, heit tómatsósa. Salatbar Ávextir  Vorþemadagur	1. júní Grænmetisbuff, kúskús, gúrkusósa og tómatsalat Ávextir  dagur nýrra námshópa	2. júní Hrísgrjónagrautur og slátur Salatbar Ávexti  Skólaslit Frístund lokað.	3. júní

Vorhátíð skólans og hverfisnefndar verður mánudaginn 29. maí og hefst kl. 16:30  
Skólaslit vorið 2017 verða föstudaginn 2. júní. Tímasetningar nánar auglýstar síðar.